

voru. Það sem fjölmennast var í svipinn var orþodox, en það varð aftur að römustu vantrú á næsta tímabili.

Helztu skoðanirnar er ríktu þá um þetta leyti, er flestir í öllum meginatriðum hölluðust að, voru í fyrsta lagi kenningar Páls frá Samosata og Aríusar öldungs frá Alexandría er þá kenur fyrst til sögu, viðvíkjandi guði, að hann sé ein og óskift vera og að Jesú sé mannleg vera, gæddur yfirburðum andlegrar speki um aðra menn fram, en alls ekki guð eða föðurnum jafn. Þó er sagt að Aríus hafi, til samkomulags, verið til með að ganga inn á að Jesú hafi verið yfirnáttúrleg vera en óæðri föðurnum og af honum sköpuð. Eins og vér höfum séð, kemur þessi skoðun óslitin neðan aldirnar frá postulátíðinni sjálfri, frá gyðinga kristninni, lítið eitt blönduð hjá Aríusi grísk-egypzkum fræðum. Aftur á móti var hin skoðunin sú, að Jesú væri útgenginn af föðurnum, guð í sonnum skilningi, og að guðdómurinn væri einn í þremur persónum.

Deildar meiningar voru þó um það hvort Kristur hefði haft bæði guðlegt og mannlegt eðli til að bera og ollu megnum deilum síðar. En eins og játningin ber með sér og segir: „hann var sama eðlis og faðirinn“, varð deilan snörpust um mannlega eðlið, hitt var talið sjálfsagt innan þrenningarflokksins.

Þessar skoðanir koma fram hver móti annari á allsherjarþinginu í Nikea 325. Til þings þessa var boðað af Constantínusi keisara, með því augnamiði að menn kæmu sér niður á einn allsherjar trúarlærdóm, er orðið gæti trúarlögbók hins nýkristna Rómverska ríkis og grundvöllur til trúaruppfræðslu ríkisins. Constantínus hafði gjört kristnina að ríkistrú, í því augnamiði að sameina ríkið og hugi manna. Það hafði borið lítið á deilum þar meðan á ofsókninni stóð. Þinginu stefndi hann saman til þess að fá eina almenna yfirlýsingu á því hvað kristindómur væri og lagði útleð og bann við ef menn ekki kæmi sér saman.

En í stað þess að fá eina almenna yfirlýsing þess hvað kristindómur væri, fékk hann eina ágæta sýningu þess hve kristnir menn geta rifist og bitist hjartanlega og heiftarlega. Það að allir að lokum skrifuðu undir þingjátninguna nema 3, var því